



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Könnun um líðan og forvarnir

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Könnun um líðan
- Forvarnarkönnun
- Krufning !!

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Í þessum Flórgoða gefur m.a. að líta helstu niðurstöður úr fyrri könnun um líðan nemenda í Áslandsskóla sem framkvæmd var í lok október.

Þar má sjá margar athyglisverðar niðurstöður.

Almennt kemur könnunin mjög svipað út og undanfarin skólaár og að vissu leyti getur skóla-samfélagið vel við unað.

Það er t.d. mjög jákvætt að næstum 8 af hverjum 10 nemendum í 1.-3. bekk líður vel í skólanum. Nemendur á þessum aldri eru nýir í skólanum eða að ná fótfestu og það reynist mörgum erfitt. Því eru þessar tölur ánægjulegar.

Úr miðdeild er ánægjulegt að sjá staðfestingu nemenda á að þeir treysti kennurum sínum til að stöðva einelti, telji þá sanngjarna og finnist rétt að hlýða þeim.

Stríðni í búningsklefum íþrótta og sundlaugar virðist meiri í 4.-7.

bekk heldur en í unglingadeild og í miðdeild virðist hún meiri í íþróttahúsum. Ekki er marktækur munur á þessu tvennu í unglingadeild.

Réttlætiskennindin fangar nemendur í unglingadeild í spurningu um hvort rétt sé að hlýða kennaranum, því þar telur einungis helmingur að rétt sé að gera það alltaf. Reyndar bætast 42% nemenda við og svarar oft.

Við úrvinnslu könnunarinnar er farið eftir sérútbúnu ferli. Kennari vinnur úr svörum fyrir sinn bekk, skilar niðurstöðum í gagnabanka sem fer inn í nemendaverndarráð. Ráðið vinnur síðan nákvæmlega úr niðurstöðum.

Könnunin bendir okkur á hvar má gera betur og hvar óæskileg atvik eiga sér stað og er brugðist við því þegar í stað. Í því sambandi er haft samband heim ef lausnin felst í því eða gripið til aðgerða innanhúss.

Forráðamenn eru hvattir til að ræða niðurstöðurnar heima fyrir

með börnum sínum.

Í Flórgoðanum er einnig getið um niðurstöður Rannsóknar og Greiningar á lífstíl ungs fólks í Hafnarfirði. Niðurstöðurnar eru jákvæðar og enn jákvæðari þegar Áslandsskóli er tekinn sérstaklega út úr rannsókninni. Þriðjudaginn 28. nóvember var haldinn fjölmennur fundur forráðamanna nemenda í unglingadeild þar sem niðurstöður voru kynntar.

Mikilvægt er þó að sofna ekki á verðinum. Því þó ástandið sé gott eins og staðan er nú má ekki gleyma sér í velgengninni. Það á ávallt að vera markmið okkar hér í Áslandsshverfi að vera í góðum upplýstum tengslum við nágranna, skóla og yfirvöld til að sporna við óæskilegum lífsmáta.

Bestu skólakveðjur

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)



SAMVINNA

ÁBYRGÐ

TILLITSSEMI

TRAUST

KÖNNUN UM LÍÐAN / HAUST 2006

1. – 3. bekkur

Helstu niðurstöður úr könnun um líðan

Nemendur gátu svarað spurningum með því að merkja við einn af þremur valmöguleikum: **Vel, allt í lagi og illa.**

73% nemenda líður vel í kennslustundum og frímínútum og 23% allt í lagi.

55% nemenda líður vel í búningsklefa í íþróttum og sundi og 28% allt í lagi.

75% nemenda líður vel á leið heim úr skóla og 22% allt í lagi.

4. – 7. bekkur

Helstu niðurstöður úr könnun um líðan

Nemendur gátu svarað spurningum með því að merkja við einn af fjórum valmöguleikum: **Alltaf, oft, stundum og aldrei.**

27% nemenda finnst alltaf gaman í skólanum, 47% oft og 24% nemenda stundum.

45% nemenda finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 41% oft og 14% stundum.

71% nemenda kvíður aldrei fyrir að fara í skólann, 21% stundum og 4% oft.

82% nemenda kvíður aldrei fyrir að fara í frímínútur, 10% stundum og 2% oft.

64% nemenda eiga alltaf vini í bekknum sem vilja leika við viðkomandi, 22% oft og 10% eiga stundum vin sem vill leika.

57% nemenda er aldrei strítt í skólanum, 35% stundum og 6% oft.

82% nemenda hefur aldrei gaman af því að stríða öðrum, 14% stundum og 1% oft.

67% nemenda finnst alltaf rétt að láta vita er öðrum er strítt, 16% oft og 12% stundum.

Þá var spurt hvar krökkum væri mest strítt og voru sömu svarmöguleikar í boði.

54% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað í skólastofu, 42% stundum.

33% nemenda sögðu að stríðni ætti sér oft stað í frímínútum, 45% stundum.

65% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað á göngum og salernum, 26% stundum.

25% nemenda sögðu að stríðni ætti sér oft stað í skólabíl, 44% stundum.

60% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað á leið til og frá skóla, 31% stundum.

7% nemenda sögðu að stríðni ætti sér oft stað í búningsklefa sundlaugar, 24% stundum.

15% nemenda sögðu að stríðni ætti sér oft stað í búningsklefa íþróttar, 38% stundum.

53% nemenda líður alltaf vel í bekknum sínum, 30% oft og 15% stundum.

Aðrar staðreyndir úr könnuninni.

6% nemenda töldu aðra nemendur alltaf trufla kennslustundir

89% nemenda telja kennarana alltaf eða oft sanngjarna við nemendur.

94% nemenda töldu að kennarinn myndi alltaf eða oft stöðva einelti ef hann vissi af því.

85% nemenda finnst alltaf rétt að hlýða kennara sínum, 10% oft og 4% stundum.

90% nemenda finnst kennarana alltaf eða oft sanngjarna við sig persónulega, 10% stundum.

KÖNNUN UM LÍÐAN / HAUST 2006

8. – 10. bekkur

Helstu niðurstöður úr könnunum um líðan

Nemendur gátu svarað spurningum með því að merkja við einn af fjórum valmöguleikum: **Alltaf, oft, stundum og aldrei.**

16% nemenda finnst alltaf gaman í skólanum, 53% oft og 29% nemenda stundum.

53% nemenda finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 38% oft og 8% stundum.

78% nemenda kvíður aldrei fyrir að fara í skólann, 20% stundum og 1% oft.

89% nemenda kvíður aldrei fyrir að fara í frímínútur, 8% stundum.

71% nemenda eiga alltaf vini í bekknum sem vilja leika við viðkomandi, 15% oft og 11% eiga stundum vin sem vill leika.

76% nemenda er aldrei strítt í skólanum, 23% stundum.

78% nemenda hefur aldrei gaman af því að stríða öðrum, 19% stundum.

31% nemenda finnst alltaf rétt að láta vita er öðrum er strítt, 32% oft og 31% stundum.

Pá var spurt hvar krökkum væri mest strítt og voru sömu svarmöguleikar í boði.

41% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað í skólastofu, 53% stundum.

38% nemenda sögðu að stríðni ætti sér oft stað í frímínútum, 42% stundum.

40% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað á göngum og salernum, 40% stundum og 20% oft.

52% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað í skólabíl, 40% stundum.

72% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað á leið til og frá skóla, 22% stundum.

60% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað í búningssklefa sundlaugar, 34% stundum.

57% nemenda sögðu að stríðni ætti sér aldrei stað í búningssklefa íþróttar, 33% stundum.

63% nemenda líður alltaf vel í bekknum sínum, 29% oft og 7% stundum.

Aðrar staðreyndir úr könnuninni.

13% nemenda töldu aðra nemendur alltaf trufla kennslustundir

80% nemenda telja kennarana alltaf eða oft sanngjarna við nemendur.

88% nemenda töldu að kennarinn myndi alltaf eða oft stöðva einelti ef hann vissi af því.

50% nemenda finnst rétt að hlýða alltaf kennara sínum, 42% oft og 8% stundum.

88% nemenda finnst kennarana alltaf eða oft sanngjarna við sig persónulega, 10% stundum.

FORVARNARRANNSÓKN

Á hverju ári gerir Rannsókn og Greining rannsókn um lífstíl ungs fólks.

Helstu niðurstöður fyrir Hafnarfjörð í heild eru.

Tóbaksneysla nemenda í 8. til 10. bekk fer minnkandi og áfengisneysla í 8. og 9. bekk minnkar en eykst lítillega í 10. bekk en er samt um 4% fyrir neðan landsmeðaltal. Hassneysla hjá hafnirskum unglingum í 10. bekk minnkar umtalsvert.

Meðal annarra niðurstaða má nefna að fordómar gagnvart innflytjendum hafa minnkað meðal ungs fólks ef borin eru saman niðurstöður frá árunum 2003 og 2006.

Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk sem stundar æfingar og keppni hjá íþróttafélögum 4 sinnum eða oftar í viku hverri eykst mikið frá árinu 2003 en þá stunduðu 26% stráka og 29% stelpna íþróttir í 4 sinnum eða oftar í hverri viku en nú 3 árum síðar hefur talan aukist í 46% hjá strákum en í 33% hjá stelpum. Þeir sem taldir eru stunda æfingar svo stíft eru síður líklegir til að neyta vímuefna.

Rannsókn og greining telur að þau fjölmörgu samstarfverkefni á sviði forvarna í Hafnarfirði valdi þessari jákvæðu breytingu en bendir á að nauðsynlegt sé að halda öllu þessu góða starfi áfram til viðhalda árangrinum.

Niðurstöður fyrir **Áslandsskóla** eru síðan almennt enn betri en um getur hér að ofan og voru þær kynntar forráðamönnum nemenda þriðjudaginn 28. nóvember á morgunfundi á sal skólans. Þar fluttu Jón frá Rannsókn og Greiningu, Helgi frá lögreglunni, Erlendur frá foreldrafélaginu og Haukur sálfræðingur á Félagsþjónustunni stutt erindi og svöruðu fyrirspurnum forráðamanna.

Hægt er að nálgast heildarniðurstöður úr þessari rannsókn með því að fara inn á þessa slóð: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/upload/files/pdf/fjolskylda/forvarnir/hafnarfjordur_loka.pdf

KRUFNING !!!

Skemmtileg mynd hér til hliðar. Hún sýnir þegar 9. bekkur sem er að læra um flokkunarkerfi lífvera í náttúrufræði og þar á meðal um fiska vinnur við krufningu.

Við fengum að gjöf ýmsar tegundir fiska þar á meðal karfa, ýsu, steinbít og skötusel.

Tilgangur krufningarinnar var að læra um útlit og innviði fiska.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri